




ÁRSSKÝRSLA 2016

ÁRSSKÝRSLA 2016
EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA STJÓRNAR	5
ÁRSREIKNINGUR 2016	
ÁRITANIR	22
REKSTRARREIKNINGUR	24
EFNAHAGSREIKNINGUR	25
SJÓÐSTREYMISYFIRLIT	26
SKÝRINGAR	27
SUNDURLIÐANIR	28



STARFSEMIN

Árið 2016 einkenndist starfsemi Tónverkamiðstöðvar af viðhaldi og þróun þeirra verkefna sem tóku flugið árið 2015. Þá er helst átt við vefverslunina, shop.mic.is, og YRKJU, starfsþróunarverkefni Tónverkamiðstöðvar fyrir ný tónskáld.

Vefversluninni var haldið á lofti alls staðar þar sem kynningarstarf fór fram, bæði beint og óbeint. Þar er að finna öll verk sem miðstöðin hefur á skrá, rúmlega 10.000 íslensk tónverk. Hægt er að sjá sýnishorn af verkunum og þau sem eru til sölu er hægt að panta prentuð eða hlaða niður á sem pdf-skjölum.

YRKJA gat af sér frumflutning fjögurra nýrra og ólíkra tónverka á árinu og drög voru lögð að fjórum öðrum tónverkum í annarri umferð verkefnisins, sem hófst vorið 2016.

Húsnæðismálin og umsýsla þeirra vegna tók töluverða orku þar sem meindýr gerðu ítreakð vart við sig innandyrá, allt árið 2016. Leigusalinn, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, var ekki til viðræðu um lækkaða leigu vegna þessa en það er von okkar að tekist hafi að koma í veg fyrir frekari ágang meindýra, þó tíminn einn muni leiða það í ljós.

STARFSMANNAHALD OG STJÓRN

Starfsmannahald hélt óbreytt frá lokum fyrra árs. Valgerður G. Halldórsdóttir var framkvæmdastjóri í barnsburðarleyfi Signýjar Leifsdóttur. Valgerður mun leysa Signýju af til 1. júní 2017. Við afgreiðslu, skráningu og önnur skrifstofu- og nótnastörf starfa Aðalheiður Þorsteinsdóttir og Oliver Kentish, bæði í 33% starfshlutfalli.

Stjórn Tónverkamiðstöðvar skipa Hildigunnur Rúnarsdóttir, sem er formaður stjórnar, Egill Gunnarsson, Gunnar Andreas Kristinsson og Bergljót A. Haraldsdóttir.

YRKJA

YRKJA er starfspróunarverkefni Tónverkamiðstöðvar fyrir ný tónskáld sem hleypt var af stokkunum árið 2015. Verkefnið parar saman valin tónskáld úr ólíkum áttum við úrval íslenskra listastofnana. Hvert YRKJU-verkefni hefst með því að kallað er eftir umsóknum í tilkynningum á vefmiðlum og fréttabréfi Tónverkamiðstöðvar. Valnefndir fara yfir umsóknir og velja YRKJU-tónskáld viðkomandi verkefnis. Að vali loknu tekur við tónsmíðavinna undir handleiðslu mentors eða handleiðara viðkomandi verkefnis ásamt því sem tónskáldin fá innsýn í innviði viðkomandi listastofnunar. Tónskáldin fá greiddan tónsmíðastyrk í verkefninu og handleiðari hvers verkefnis fær greidd laun. Hverju YRKJU-verkefni lýkur með frumflutningi tónverksins sem varð til á verkefnistímanum. YRKJA hefur vakið athygli og lukku en umfang verkefnisins ræðst aðallega af fjármagni sem aflast til verkefnisins. Verkefnastjórn YRKJU er bæði á höndum framkvæmdastjóra Tónverkamiðstöðvar og tengiliðs hjá samstarfsaðila.

YRKJA I

Árið 2015 hófust þrjú YRKJU-verkefni en verkefninu lauk árið 2016. Fimm tónskáld fengu tækifæri til að vinna með Sinfóníuhljómsveit Íslands, tónleikaröðinni Jaðarberi og tónlistarhópnum Nordic Affect; Gunnar Karel Másson, Halldór Smáráson og Þórunn Gréta Sigurðardóttir unnu með SÍ, Berglind María Tómasdóttir með Jaðarberi og Georg Kári Hilmarsson með Nordic Affect. Fyrir utan framlög Tónverkamiðstöðvar og samstarfsaðila var verkefnið fjármagnað með styrkjum frá Reykjavíkurborg og Tónskáldasjóði RÚV.

YRKJU I með Sinfóníuhljómsveit Íslands lauk með tónleikum í Eldborg á tónlistarhátíðinni TECTONICS í apríl 2016, þar sem Sinfóníuhljómsveitin frumflutti verk tveggja þeirra tónskálda sem unnið höfðu með hljómsveitinni undanfarna níu mánuði. Verkin eru [*rekast*] eftir Halldór Smáráson og *Brim* eftir Gunnar Karel Másson. Þórunn Gréta Sigurðardóttir hafði einnig unnið með hljómsveitinni en þurfti að draga sig í hlé af persónulegum ástæðum. Hún lauk verkefninu síðan í YRKJU II. Mentor verkefnisins var Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri og staðarlistamaður SÍ.

YRKJU I með Jaðarberi lauk með flutningi á verki Berglindar Maríu Tómasdóttur, *Jaðarber hefur hæfileika*, á Listahátíð í Reykjavík í júní 2016. Viðburðurinn fór fram í Mengi og þátttakendur í gjörningnum voru, auk Berglindar Maríu: Tinna Þorsteinsdóttir, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Grímur Helgason, Guðmundur Felixson, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Atli Ingólfsson og Halla Oddný Magnúsdóttir. Mentor verkefnisins var Tinna Þorsteinsdóttir en Gunnar Karel Másson tók við sem mentor á lokasprettinum.



Páttakendur í flutningi á verki Berglindar Maríu Tómasdóttur, Jaðarber hefur hæfleiða

YRKJU I með Nordic Affect lauk á Norrænum músíkdögum með flutningi á verki Georgs Kára Hilmarssonar, *Treatise on Light*. Halla Steinunn Stefánsdóttir var tengiliður Nordic Affect og mentor var Hugi Guðmundsson tónskáld.



Frá tónskáldahittingi YRKJU-tónskálda í Tónverkamiðstöð.

F.v.: Georg Kári Hilmarsson, Berglind María Tómasdóttir, Gunnar Karel Másson og Halldór Smárason

YRKJA II

Í YRKJU II voru samstarfsaðilarnir tveir, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Mengi.

YRKJA II með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Níu umsóknir bárust um þátttöku í YRKJU II með SÍ. Upphaflega átti einungis að velja eitt tónskáld til þátttöku í verkefninu en eftir að hafa farið vandlega yfir umsóknir ákvað valnefnd að bjóða tveimur tónskáldum þátttöku í verkefninu, þeim Þrání Hjálmarssyni og Finni Karlssyni. Einnig var ljóst að Þórunn Gréta Sigurðardóttir myndi koma inn í seinni hluta verkefnisins og ljúka þar með sinni þátttöku í YRKJU I. Áætlun gerði ráð fyrir að ljúka YRKJU II með SÍ með tónleikum á Myrkum músíkdögum 2017. Mentor verkefnisins var Daníel Bjarnason.

YRKJA II með Mengi

Átta umsóknir bárust um þátttöku í YRKJU II með Mengi. Eitt tónskáld varð fyrir valinu, Tómas Manoury og vann hann undir handleiðslu Skúla Sverrissonar bassaleikara og listræns stjórnanda Mengis. Elísabet Indra Ragnarsdóttir var tengiliður Mengis. Ráðgert var að ljúka verkefninu með tónleikum í Mengi sem yrðu liður í upptakti að Myrkum músíkdögum 2017.

Framhaldið – YRKJA III

Á haustdögum 2016 var farið að huga að undirbúningi YRKJU III. Mikill áhugi er hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands að halda verkefninu áfram og reifaðar hafa verið hugmyndir að verkefnum með Caput og sönghópnum Hljómeyki.


Sótt var um styrk til Tónskáldasjóðs RÚV, en Tónverkamiðstöð var synjað um styrk að þessu sinni og bent á að sækja um fyrir vorúthlutun 2017. Umsókn var send inn fyrir úthlutun í maí 2017 en í millitíðinni voru tónskáldasjóðir RÚV og STEFs sameinaðir. Framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar var fullvissuð um að styrkumsóknir í Tónskáldasjóð RÚV væru að fullu gjaldgengar í hinn nýsameinaða sjóð. Ekki var sótt um í menningarúthlutun Reykjavíkurborgar en hins vegar var lagður grunnur að því að YRKJA væri gjaldgeng fyrir lengri menningarsamninga við Reykjavíkurborg en til eins árs í senn, m.a. með vísun í stefnumótun borgarinnar um Reykjavík sem tónlistarborg.

KYNNINGARSTARF - UPPBYGGING TENGLANETA

Tónverkamiðstöð vinnur markvisst að því að byggja upp tengslanet og deila því með tónlistarfólki sem vinnur í því að koma sér á framfæri. Þetta er m.a. gert með starfinu innan IAMIC, alþjóðlegra samtaka tónverkamiðstöðva og með því að sækja eins marga viðburði sem tengjast samtímatónlist hérlendis og erlendis eins og hægt er. Starfandi framkvæmdastjóri tók ákvörðun um að sækja ekki ársfund IAMIC sem haldinn var á Írlandi en sækja þeim mun fleiri viðburði innanlands í staðinn.

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Tónverkamiðstöð var styrktaraðili Myrkra músíkdaga 2016. Aðkoma ÍTM að hátíðinni fólst í að útbúa nótur að nýjum íslenskum tónverkum fyrir flytjendur. Sem hluti af samstarfi Myrkra músíkdaga og Tónverkamiðstöðvar var birt heilsíðuauglýsing í efnisskrá hátíðarinnar þar sem lögð var áhersla á nafn miðstöðvarinnar og vefverslunina.



Heilsíðuauglýsing

TECTONICS

Tvö fyrstu YRKJU-tónverkin voru frumflutt á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tónlistarhátíðinni Tectonics í Eldborg 13. apríl. Fjallað er um YRKJU í sérkafla hér að framan.

MOLA

Tónverkamiðstöð berast fréttir af starfi MOLA (Major Orchestra Library Association). Ársþing samtakanna hafa oftast en ekki verið haldin í Bandaríkjunum en árið 2016 brá svo við að ársþingið var haldið í Helsinki. Framkvæmdastjóri ákvað að sækja þingið og fór Aðalheiður Þorsteinsdóttir starfsmaður Tónverkamiðstöðvar með. Tilgangurinn var að vekja athygli á íslenskum hljómsveitarverkum og kynna sér það nýjasta sem tíðkast í nótnagerð og framleiðslu. Með í för voru nokkrir „dekurpakkar“ – raddskrár nokkurra nýlegra hljómsveitarverka sem pakkað var í hæfilega þjóðernislegan strigapoka úr Rammagerðinni ásamt íslensku súkkulaði. Sjö útvaldir aðilar fengu dekurpakka, m.a. Hannu Lintu, hljómsveitarstjóri, aðal nótnavörður sinfóníuhljómsveitarinnar í Tampere, Minnesota Symphony Orchestra, Dallas Symphony Orchestra og New York Philharmonic. Umfjöllun um nýjar leiðir í nótnaskrift og nýtt – þá útkomið – nótnaskriftarforrit, Dorico, var afar forvitnileg og þá var fróðlegt að heimsækja nótnasafn Finnsku óperunnar og sjá hvernig nótur eru útbúnar þar á bæ.

Meðlimir samtakanna eru tengiliðir Tónverkamiðstöðvar hjá hljómsveitunum sem panta hljómsveitarverk til leigu – en leiguverkin eru stærsti einstaki tekjupóstur Tónverkamiðstöðvar. Það er mat fráfarandi framkvæmdastjóra að MOLA sé félagsskapur sem ætti að rækta vel, til dæmis með því að sækja ársþingin.



Frá ársþingi MOLA: Kynning á Dorico



Frá ársþingi MOLA: Nótnasafn Finnsku óperunnar

EM Í FRAKKLANDI

Eins og gefur að skilja tók Tónverkamiðstöð ekki beinan þátt í Evrópumeistaramótinu í knattspyrnu sem haldið var í Frakklandi í júní. Hins vegar fannst okkur gráupplagt að taka þátt í gleðinni sem fylgdi velgengni íslenska landsliðsins – ekki síst ef slíkt gæti orðið til að vekja athygli á Tónverkamiðstöð. Í þeim tilgangi voru framleidd plaköt með nótnasettum hvatningar og fagnaðarópum stuðningsmanna íslenska landsliðsins – *HÚ!* og *Áfram Ísland!* Uppátækið mæltist vel fyrir og var fjallað um það í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Plakötin eru í stærðinni A3, prentuð á nótnapappír og hægt er að panta þau í vefverslun Tónverkamiðstöðvar.

HÚ!
To be performed by 10% of the Icelandic nation

Threateningly

TÓNVERKAMIÐSTÖÐ
ICELAND MUSIC INFORMATION CENTRE
Icelandic sheet music available at shop.mic.is

Voices

Áf-ram Ís-land! _____

TÓNVERKAMIÐSTÖÐ
ICELAND MUSIC INFORMATION CENTRE
Icelandic sheet music available at shop.mic.is

Hönnun veggspjalda: Valgerður G. Halldórsdóttir

REYKJAVÍK MIDSUMMER MUSIC

Tónverkamiðstöð var styrktaraðili Reykjavík Midsummer Music að því leyti að útvega nótur að þeim íslensku verkum sem flutt voru á hátíðinni – að stærstum hluta verk Jóns Nordals þar sem níræðisafmæli hans var fagnað á hátíðinni með sérstökum tónleikum. Þetta gerði miðstöðinni kleift að vera sýnileg í kynningarefni hátíðarinnar en hana sækir örlítið annar hópur en sækir t.d. Myrka músíkdaga.

EPTA

Í framhaldi af aðkomu Tónverkamiðstöðvar að Píanókeppni EPTA 2015 var farið í samstarf við samtökin um útgáfu nótnaheftis fyrir ársþing EPTA sem haldið var í Hörpu 22. til 25. september 2016. Heftið innihélt öll þau verk sem EPTA hefur pantað fyrir píanókeppnina sem haldin hefur verið á þriggja ára fresti frá árinu 2000.

Tónverkamiðstöð var með lítinn sölubás á ársþingi EPTA þar sem nótnaheftið var boðið ráðstefnugestum til kaups og vefverslunin kynnt. EPTA-heftið var gert í takmörkuðu upplagi (50 stk) og verður ekki til sölu áfram en útgáfa sumra verkanna í heftinu var háð sérleyfi. Í tengslum við sölubásinn var gerður gardínustandur í hinu nýja útliti Tónverkamiðstöðvar sem mun nýtast miðstöðinni við margvísleg tækifæri.



Frá ársþingi EPTA í Hörpu

NORRÆNIR MÚSÍKDAGAR 2016

Tónverkamiðstöð flutti sig um set þegar Norrænir músíkdagar voru haldnir í Hörpu á haustdögum 2016. Leigð voru húsgögn og skrifstofuaðstaða Tónverkamiðstöðvar sett upp inn af Flóa í Hörpu sem var aðalsamkomustaður hátíðargesta. Sýniseintök af þeim íslensku verkum sem spiluð voru á hátíðinni lágu frammi og fólk gat sest niður og spjallað ef svo bar undir. Er það mat framkvæmdastjóra að sýnileiki Tónverkamiðstöðvar með þessum hætti hafi verið mikilvægur því uppátækið mæltist vel fyrir. Fjölmarginir hátíðargestir og almennir ferðamenn stöldruðu við og forvitnuðust um verkin og starf

Tónverkamiðstöðvar. Þeir sem það gerðu voru leystir út með HÚ!-plakatinu góða og upplýsingariti sem framleitt var fyrir Classical Next 2015 en var enn í fullu gildi.

RÁÐGJÖF

Tónverkmiðstöð reynir eftir fremsta megni að bjóða tónskáldum og flytjendum til samtals við miðstöðina. Þá veitir framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar tónskáldum og flytjendum reglulega viðtöl um ýmis mál er tengjast starfsframa þeirra s.s. útgáfu, umboðsmönnum, útflutningi, tónleikahaldi, starfsþróun og fleira.



Skrifstofa Tónverkamiðstöðvar í Hörpu á Norrænum músíkdögum 2016

SAMFÉLAGSMÍDLAR

Tónverkamiðstöð er virk á Facebook og Instagram. Fréttabréf er sent á póstlista (MailChimp), sérstaklega þegar vekja þarf sérstaka athygli á málefnum. Á Instagram birtum við myndir og fréttamola tengdar viðburðum og hátíðum en Facebook er ein helsta fréttaveita Tónverkamiðstöðvar ásamt heimasíðunni. Þeim fjölgar stöðugt sem fylgjast með síðu Tónverkamiðstöðvar á Facebook en viðlíkendur voru 1248 í ársbyrjun 2016 en voru 1489 í árslok.




HEIMASÍÐA

Heimasíða Tónverkamiðstöðvar er tvískipt. Annars vegar er mic.is á ensku, þar sem textinn er á ensku og er miðaður við áhugamenn um íslenska tónlist og þá sem vilja kaupa tónverk af miðstöðinni. Hins vegar er tonverkamidstod.is þar sem textinn er á íslensku og miðaður við tónskáld sem eru að leita sér upplýsinga um ýmis tækifæri tengd tónsmíðum og fyrir íslenska kaupendur að nótum.


Flettingar á tonverkamidstod.is á árinu 2016 voru 6.191 framkvæmdar af 3.183 gestum. Forsíðan fær eðlilega flestar heimsóknir en það innlegg á síðuna sem oftast var skoðað árið 2016 var auglýsing eftir umsóknum um þátttöku í YRKJU II með Mengi.

Ekkert nýtt innlegg var sett á enska síðu Tónverkamiðstöðvar, mic.is., en heimsóknir á árinu 2016 voru 10.321, um helmingur þeirra frá Íslandi. Meðfylgjandi mynd sýnir samanburð árána 2015 og 2016 í heimsóknafjölda, fjölda gesta, hve oft hver gestur skoðar síðuna og hve mörg innlegg voru birt á síðunni.

Heimsóknir á tonverkamidstod.is

2016		2015	
 VIEWS	6,191	 VIEWS	9,434
 VISITORS	3,183	 VISITORS	4,339
 VIEWS PER VISITOR	1.95	 VIEWS PER VISITOR	2.17
 POSTS PUBLISHED	29	 POSTS PUBLISHED	30

Heimsóknir á mic.is


2016		2015	
 VIEWS	10,321	 VIEWS	17,770
 VISITORS	7,047	 VISITORS	10,497
 VIEWS PER VISITOR	1.46	 VIEWS PER VISITOR	1.69
 POSTS PUBLISHED		 POSTS PUBLISHED	9

GAGNAGRUNNUR / VEFVERSLUN

Kynningarstarf í tengslum við vefverslunina hefur einkum verið í gegnum vef- og samfélagsmiðla Tónverkamiðstöðvar, WOM (Word Of Mouth) þannig að framkvæmdastjóri og fleiri leggjast á árar um að minnast á vefverslunina hvenær sem færi gefst ásamt því að tenglar á hana eru það fyrsta sem fólk rekst á á heimasíðum og á Fésbókarsíðu Tónverkamiðstöðvar. Þetta eru ódýrar leiðir til kynningar og sækja beint á helsta markhópinn. Þegar þetta er skrifað, í maí 2017, eru 10.195 stafræn skjöl í vefverslun Tónverkamiðstöðvar og hefur fjölgað um 250 skjöl frá síðasta aðalfundi. Fjöldi skjala sem hægt er að panta prentuð var 8.979 á sama tíma og fækkaði um 74 milli ára. Þar telur helst að Hreiðar Ingi tók verk sín úr sölu 15. september og einnig er stöðugt verið að yfirfara skráningar.


Vefverslunin (shop.mic.is) býður viðskiptavinum upp á að greiða fyrir kaupin með PayPal greiðsluþjónustunni og á almanaksárinu 2016 fóru rúmlega 400 færslur í gegnum þjónustuna vegna nótnakaupa. Slíkt léttir óneitanlega starf Tónverkamiðstöðvar sem annars myndi ganga handvirkt frá hverri greiðslu.

Vefverslunin bætir aðgengi að íslenskum tónverkum svo um munar en meðfylgjandi mynd sýnir hvernig dreifingu heimsóknir á shop.mic.is dreifast eftir löndum, allt frá einni heimsókn (ljósasti liturinn) til 7.652 heimsókna (dekksti liturinn).



Á árinu 2016 voru 18.262 heimsóknir í vefverslunina frá 11.516 notendum í 104 löndum. Síðan var skoðuð 72.735 sinnum og hver heimsókn varði í tæplega fjórar mínútur að meðaltali. Flestar heimsóknanna (7.652) komu frá Íslandi eða rúmlega 41% en tæplega 16% heimsóknanna komu frá Bandaríkjunum. Meðfylgjandi mynd sýnir dreifingu um heimsóknanna og eru þau tíu lönd sem heimsóttu vefinn oftast sérstaklega tilgreind.

Fjöldi heimsókna – topp tíu 2016




REKSTURINN

HEILDARFJÖLDI SKRÁÐRA VERKA


Þegar þessi skýrsla er skrifuð, eru 365 tónskáld á skrá Tónverkamiðstöðvar
– 48 konur og 317 karlar.

Á meðfylgjandi mynd er yfirlit yfir þau tónskáld sem eiga hundrað tónverk eða fleiri á skrá hjá Tónverkamiðstöð.



SÖLUTEKJUR


Heildartekur af sölu árið 2016 voru 4.490.954 kr. og dróst sala saman um 749.046 kr. frá fyrra ári.



Árið 2016 voru tekjur af erlendri sölu meiri en tekjur af sölu innanlands, eða um 53% af heildarsölu tekjum. Til samanburðar voru tekjur af erlendri sölu 66% af heildarsölu tekjum ársins 2015.


Hluti af erlendum tekjum er leiga hljómsveitarverka en það er þó sérliður (Raddleiga) í ársreikningi og er ekki inni í þessum tölum. Leiga hljómsveitarverka dróst saman um 318.421 kr. frá árinu 2015. Leiga hljómsveitarverka er breytileg milli ára en hver leigusamningur telur mikið og getur þýtt miklar sveiflur í heildaryfirliti.

Stærsti viðskiptavinur Tónverkamiðstöðvarinnar árið 2016 var Sinfóníuhljómsveit Íslands en á meðfylgjandi mynd má sjá 10 stærstu viðskiptavini Tónverkamiðstöðvar.




SÖLUHÆSTU TÓNSKÁLDIN

Hér fyrir neðan má sjá mynd sem sýnir þrettán söluhæstu tónskáld Tónverkamiðstöðvar árið 2016. Súluritið sýnir hvernig salan skiptist milli Reglu og vefverslunarinnar. Miðað er við heildarsölu verka viðkomandi tónskálds og var Anna Þorvaldsdóttir söluhæsta tónskáldið.



SÖLUHÆSTA TÓNVERKIÐ

Árið 2016 var Aeriality eftir Önnu Þorvaldsdóttur söluhæsta verkið. Sem fyrr er leiga hljómsveitarverka stór breyta í sölutölum og þannig er annað söluhæsta verkið Píanókoncert Þórðar Magnússonar sem Sinfóníuhljómsveitin frumflutti á Myrkum músíkdögum 2016. Meðfylgjandi mynd sýnir tíu söluhæstu verkin (í þús. kr.) og hvernig salan skiptist milli sölukerfis (Regla) og vefverslunar.





ÁRSREIKNINGUR 2016

ÁRITUN

Til stjórnar Íslenskrar tónverkamiðstöðvar:

Við höfum aðstoðað við gerð meðfylgjandi ársreiknings fyrir Íslenska tónverkamiðstöð fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar. Ársreikningurinn hefur ekki verið endurskoðaður.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð ársreikninga með það að markmiði að aðstoða stjórnendur Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016.

Reykjavík, 18. maí 2017

id Bókhald ehf

Inga Dóra Jóhannsdóttir (sign.)

ÁRITUN

SKOÐUNARMENN

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, höfum farið yfir ársreikning fyrir árið 2016 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 26. maí 2017

Haukur Tómasson (sign.)

Tryggvi M. Baldvinsson (sign.)

ÁRITUN

STJÓRN

Stjórn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar staðfestir hér með
ársreikning miðstöðvarinnar fyrir árið 2016

Reykavík, 29. maí 2017

Hildigunnur Rúnarsdóttir, form. stjórnar (sign.)

Egill Gunnarsson (sign.)

Gunnar Andreas Kristinsson (sign.)

Bergljót Anna Haraldsdóttir (sign.)

Valgerður Guðrún Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri (sign.)

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur:			
Rekstrarstyrkir	2,3	15.000.000	13.400.000
Erlend sala		2.372.697	2.366.777
Raddleiga		1.352.214	1.670.635
Innlend sala		766.040	1.198.744
Aðrir styrkir	3	700.000	1.300.000
Höfundagreiðslur vegna Jóns Leifs		393.981	566.281
Aðrar tekjur		0	261.519
		<u>20.584.932</u>	<u>20.763.956</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	12.351.756	12.832.850
Styrkir	6	1.580.000	570.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	1.373.826	1.111.929
Húsaleiga		1.307.760	1.089.800
Endurskoðun og reikningshald		530.239	391.293
Fjármögnunarleiga skrifstofubúnaðar		508.340	381.134
Ferðakostnaður		479.932	549.717
Forritun - gagnagrunnur vefverslun		371.079	2.330.588
Tryggingar		262.476	908.767
Auglýsingar og kynningarstarf	6	153.842	133.788
Innréttingar og húsbúnaður		131.608	0
Tónleikar og viðburðir, aðgangseyrir		111.520	35.500
Kaffikostnaður		110.849	73.408
Paypal þóknun		105.901	48.002
Funda- og viðskiptakostnaður		97.630	60.420
Félagsgjöld		89.516	93.818
Aðkeyptur akstur leigubifreiða		86.310	46.610
Rekstur tölvukerfis og heimasíðu		83.910	247.612
Tölvusetning tónverka		40.420	163.890
Aðkeypt þjónusta	6	24.600	1.174.538
Ráðstefnugjöld		21.906	11.993
Bílastæðasjóður		20.065	8.980
Gjafir		14.128	0
Flutningskostnaður		13.577	19.012
Rekstrarvörur og smááhöld		8.480	97.882
Annar húsnæðiskostnaður		4.733	1.497
Höfundalaun vegna sölu og leigu tónverka		0	1.205.618
Ýmis kostnaður		0	5.544
		<u>19.884.403</u>	<u>23.618.937</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		700.529	(2.854.981)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármunatekjur		65.453	83.936
Fjármagnsgjöld		(104.962)	(131.914)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals		<u>(39.509)</u>	<u>(47.978)</u>
Rekstrarafkoma ársins		<u>661.020</u>	<u>(2.902.959)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Eignir			
Veltufjármunir:			
Birgðir		1.378.100	1.378.100
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur		447.904	553.583
Aðrar skammtímakröfur	6	422.952	318.950
Handbært fé		1.993.613	1.892.796
Veltufjármunir samtals		<u>4.242.569</u>	<u>4.143.429</u>
Eignir samtals		<u>4.242.569</u>	<u>4.143.429</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé:			
Afkoma ársins		661.020	(2.902.959)
Frá fyrra ári		2.897.618	5.826.257
Eigið fé samtals	5	<u>3.558.638</u>	<u>2.923.298</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur styrkur		150.000	0
Ógreidd höfundalaun		28.841	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld		505.090	1.220.131
Skammtímaskuldir samtals		<u>683.931</u>	<u>1.220.131</u>
Skuldir samtals		<u>683.931</u>	<u>1.220.131</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.242.569</u>	<u>4.143.429</u>

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma ársins		661.020	(2.902.959)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu eignarhluta í öðrum félögum		0	0
Veltufé (til) frá rekstri		<u>661.020</u>	<u>(2.902.959)</u>
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Birgðabreyting lækkun, (hækkun)		0	0
Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun)	(24.003)	(82.228)
Skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun)	(536.200)	262.316
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(<u>560.203)</u>	<u>180.088</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>100.817</u>	<u>(2.722.871)</u>
Breyting á handbæru fé		100.817	(2.722.871)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>1.892.796</u>	<u>4.615.667</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>1.993.613</u>	<u>1.892.796</u>

SKÝRINGAR

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Tekjur Íslenskrar tónverkamiðstöðvar hafa verið færðar nettó að teknu tilliti til ýmissa afsláttá til félagsmanna og fleiri aðila og er sömu aðferð beitt í ár. Í flestum tilfellum er um að ræða sent kynningarefni, svo sem geisladiska og nótur.

2. Rekstrarstyrkir

	<u>2016</u>	<u>2015</u>
Menntamálaráðuneytið	15.000.000	13.400.000

3. Aðrir styrkir

	<u>2016</u>	<u>2015</u>
Reykjavíkurborg	700.000	700.000
STEF	0	600.000
	<u>700.000</u>	<u>1.300.000</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	<u>2016</u>	<u>2015</u>
Vinnulaun	9.683.901	10.210.287
Lífeyrissjóður, móttframlag	994.074	1.021.033
Tryggingagjald	770.557	859.192
Stjórnarlausn	316.000	316.000
Bifreiðastyrkir	200.000	240.000
Dagpeningar	195.776	0
Félagsgjöld	128.128	147.398
Annar starfsmannakostnaður	63.320	38.940
	<u>12.351.756</u>	<u>12.832.850</u>

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	<u>Óráðstafað eigið fé</u>	<u>Óráðstafað eigið fé</u>
Eigið fé 1.1.2016	2.897.618	5.826.257
Rekstrarafkoma ársins	661.020	(2.902.959)
Staða 31.12.2016	<u>3.558.638</u>	<u>2.923.298</u>

6. Hjálagt eru sundurliðanir með rekstrarreikningi.

SUNDURLIÐANIR

	2016	2015
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Pappír, prentun og ritföng	435.379	110.429
Burðargjöld	288.992	223.625
Sími og internet	270.374	266.808
Bókhaldskerfi	214.272	119.336
Posaleiga	69.735	71.997
Skrifstofuáhöld og búnaður	68.878	0
Ýmis kostnaður, skrifstofa	26.196	0
Bréfsefni, umslög, nafnspjöld ofl	0	319.734
	1.373.826	1.111.929
Kynningarstarf		
Auglýsingar	79.100	24.747
Kynningarkostnaður	74.742	133.788
	153.842	158.535
Aðrar skammtímakröfur		
Inneign, kreditkort Vala	230.651	0
Paypal	154.371	136.001
Valitor	25.560	157.269
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	12.370	25.680
	422.952	318.950
Styrkir v/Yrkja		
Þráinn Hjálmarsson	300.000	0
Berglind María Tómasdóttir	200.000	0
Georg Kári Hilmarsson	200.000	0
Halldór Smáráson	150.000	0
Gunnar Karel Másson	150.000	0
Finnur Karlsson	150.000	0
Tómas Manoury	150.000	0
Tónlist á gráu svæði	140.000	0
Kammerhópurinn Nordic Affect	140.000	0
Tónskáldastofa	0	420.000
Hugi Guðmundsson	0	50.000
	1.580.000	470.000
Aðkeypt þjónusta		
Aduria ehf	24.600	24.600
Össur Geirsson	0	437.905
Oliver Kentish	0	75.000
Linda Desirée Loeskow	0	297.033
Metall ehf v/bæklings	0	186.000
Guðný Þóra Guðmundsdóttir	0	50.000
Gunnar A Kristinsson	0	40.000
Anna Sigríður Þorvaldsdóttir	0	24.000
Elísabet Indra Ragnarsdóttir	0	20.000
Hafðís Bjarnadóttir	0	20.000
	24.600	1.174.538

ÍSLENSK TÓNVERKAMIÐSTÖÐ
LAUGAVEGI 105
105 REYKJAVÍK

TONVERKAMIDSTOD.IS
SHOP.MIC.IS

